

## **177. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.** **25. september 2009, kl. 13:00.**

Mætt: Örn Þórðarson, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.  
Ragnheiður Hergeirsdóttir boðaði forföll en var í sambandi við framkvæmdastjóra varðandi fyrirbyggjandi dagskrá.

### **1. Fjárhagsáætlun.**

Stjórn samþykkir að lækka framlag til SASS vegna aðstöðu og þjónustu vegna fyrirsjáanlegra minni starfsemi á næsta ári.

Framkvæmdastjóra falið að gera breytingar á fjárhagsáætlun í samræmi við framkomnar athugasemdir.

### **2. Ársskýrsla 2008.**

Framkvæmdarstjóri fór yfir drög að ársskýrslu Sorpstöðvar Suðurlands. Skýrslan samþykkt.

### **3. Tillögur fyrir aðalafund.**

Formaður kynnti tillögu að framtíðarskipan úrgangsmála á Suðurlandi 2009-2020. Tillögurnar samþykktar og vísað til aðalfundar.

Framkvæmdarstjóra falið að vinna með Aldísi tillögur vinnuhóps sem einnig verður vísað til afgreiðslu á aðalfundi.

### **4. Kaup á Kirkjuferjuháleigu.**

Framkvæmdastjóra falið að ganga frá kaupum á Kirkjuferjuháleigu á grundvelli fyrirbyggjandi verðmats.

### **5. Samstarfsvettvangur Sorpu, Sorpurðunar Vesturlands, Sorpeyðingar Suðurnesja og Sorpstöðvar Suðurlands.**

Formaður og framkvæmdastjóri fóru þann 21. september á fyrsta fund verkefnisstjórnar um samstarfsvettvang. Formaður verkefnisstjórnar var kjörinn Vilhjálmur Vilhjálmsson. Næsti fundur verður á Suðurlandi í október.

### **6. Viðbragðsáætlun.**

Lagt fram og samþykkt tilboð frá VSÓ ráðgjöf um gerð neyðaráætlunar vegna heimsfaraldurs influensu og náttúruhamfara. Kostnaði vísað til endurskoðaðrar fjárhagsáætlunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14:00